



Reykjavík 5. mars 2018
1708009SA TH
Málalykill: 01.20

Efni: Fundargerð fundar tengiliðahóps um opinber innkaup 8

Fundurinn var haldinn 2. mars 2018 hjá sambandinu. Mætt voru: Gunnlaugur Júlíusson, Jón Ingi Benediktsson, Lilja Ástudóttir, Ólafur Rúnar Ólafsson og Snorri Styrkársson. Fyrir hönd sambandsins sátu fundinn: Telma Halldórsdóttir, Guðjón Bragason og Tryggvi Þórhallsson. Forföll hafði boðað Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir

1. Upplýsingar af fundi með Ríkiskaupum 9. febrúar s.l.

TH upplýsti um fund sem hún ásamt GJ, JIB, LÁ og Guðmundi Ragnari Ólafssyni höfðu átt með Ríkiskaupum til að ræða bætt samskipti Ríkiskaupa og sveitarfélaga og hvernig Ríkiskaup geta betur þjónað hagsmunum sveitarfélaganna. Voru fundarmann sammála um að starfsmenn Ríkiskaupa væru allir að vilja gerðir til að hlusta á sveitarfélög og sinna þörfum þeirra betur. Hefði stofnunin í þessu ljósi afhent gögn sem varða rammasamninga og fjallað er um í lið 2. Þá hefði samskiptastjóri sambandsins, Helga Guðrún Jónsdóttir verið tengd við Birnu Magnadóttur hjá Ríkiskaupum til að auðvelda miðlum upplýsinga á milli Ríkiskaupa og sveitarfélaga sérstaklega þegar um væri að ræða upplýsingar sem vörðuðu öll sveitarfélög.

Á fundinum hefði enn og aftur verið lögð áhersla á að fleiri en einn birgir væri í hverjum rammasamningi til að tryggja samkeppni og til þess að sinna betur þörfum sveitarfélaga á landsbyggðinni. Rætt var um að fjarlægð birgja frá sveitarfélögunum gæti verið verulegt vandamál. Benti Ríkiskaup á að í þeim tilvikum sem staðsetning birgja hentaði ekki einstaka sveitarfélögum þá gætu þau verið með sérundanþágu í rammasamningum og þyrftu þar með ekki að eiga viðskipti við hann.

2. Listi frá Ríkiskaupum um fyrirhuguð rammasamningsútboð 2018 og 2019.

Nefndin fagnaði því að fá frekari upplýsingar frá Ríkiskaupum og vera þannig upplýst ekki bara um útboð sem ætti að ráðast í heldur líka um væntanleg útboð og þau sem væru til skoðunar þannig að sveitarfélög gætu komið á framfæri ábendingum. Bent var á að á fundi með Ríkiskaupum hefði sérstaklega verið óskað eftir rammasamningum um spjaldtölvur, alverktöku og tryggingar auk möguleika á að setja samninga saman og stækka umfang þeirra eins og t.d. hreinlætisvörur og plast og matvörur. JIB nefndi að auk þessa þá væri hagstætt sérstaklega fyrir minni sveitarfélög að fá rammasamninga um talmeinaþjónustu. Taldi nefndin eins þörf á rammasamningum um sálfræðiþjónustu, sbr. umfjöllun í lið 8, leikskólahúsgögnum, öryggisvörurum (myndavélar, slökkvitæki, yfirferð

o.fl.), hljóðfæra kaupum, föndurvörurum fyrir eldri borgara og leikskóla. Var það álit nefndarinnar að mikilvægt væri að fá fleiri rammam samninga þar sem fljótlegra og einfaldara væri að fara í gegnum þá við innkaup.

Nefndin ítrekaði afstöðu sína um mikilvægi þess að fleiri en einn birgir séu í hverjum rammam samninga til þess að raunveruleg samkeppni sé um verð.

Ákveðið var að sambandið myndi taka saman bréf með helstu niðurstöðum um þetta efni og senda Ríkiskaupum.

3. Þátttaka sveitarfélaga í kaupendaráði Fjármálaráðuneytisins

Nefndin ræddi boð Fjármálaráðuneytisins að skipa fulltrúa sveitarfélaga í Kaupendaráð og var nefndin sammála um að skipa Gunnlaug Júlíusson og Jón Inga Benediktsson. Myndi sambandið tilkynna um skipun þeirra til Fjármálaráðuneytisins og Ríkiskaupa.

4. Velferðarþjónustusamningar –

Nefndin ræddi vandamál varðandi þessa samninga og mikilvægi þess að kanna hvort hægt sé að skilgreina ákveðinn hluta velferðar samninga utan gildissviðs laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Mikilvægt væri að skoða reynslu Norðmanna og efni um egen regi og væri áhugavert að sjá hvernig farið væri með málefni einkarekinna leikskóla þar. TH upplýsti að hún væri byrjuð á skýrslu um egen regi en hefði ekki fundið enn neitt sem gagnaðist sérstaklega, en hún þyrfti að rýna skýrslu betur og ræða við Eypóru Kristínu Geirsdóttur um málið en þeim hafði verið falið að skoða þetta á síðasta fundi nefndarinnar.

TP benti á að Sjúkratryggingar hafa litið svo á að hægt sé að framlengja samninga þrátt fyrir nýju lögin. Þannig væri hægt að stýra því að samningar falli undir lögin og séu þar með tilkynningaskyldir í áföngum. Hefði sambandið fyrir nokkru átt samtal við Sjúkratryggingar um þessi mál og væri gagnlegt að heyra í þeim aftur. Var nefndin sammála um þetta.

5. Kærunefnd útboðsmála, ferli og rekjanleiki, reynsla?

Nefndin bókaði að líkt og spáð hafði verið þá virðist mikið af málum er varða sveitarfélög vera kærð til nefndarinnar eftir að útboð sveitarfélaga féllu undir gildissvið hennar. Mikið væri af kærum t.d. um endurskoðunarþjónustu sem hefði verið boðin út. Nefndin ræddi að flest álit núna snérust um kröfur um stöðvun samninga sem nefndin féllist vanalega ekki á en að ljóst væri að flöskuháls væri kominn á efnislegar niðurstöður sem hefði reyndar verið þegar kominn í kringum árið 2015. Nefndin ræddi og taldi að meðal áhugaverðra ákvörðana kærunefndar væru ákvarðanir nr. 27/2018 Pricewaterhouse Coopers ehf gegn Reykjavíkurborg og nr. 14/2017 Sölufélag garðyrkjumanna ehf. gegn Kópavogsbæ og ISS Íslandi hf.

6. Útboðsvefur.is

LÁ og TH upplýstu um fund með Ríkiskaupum um útboðsvefinn: www.utboðsvefur.is. Var fundargerð fundarins send tengiliðahópnum. Nefndin taldi vefinn einfaldan og góðan en ekki nægjanlega þekktan. Mikilvægt væri því að standa við áform um að kynna vef betur. Mætti t.d. upplýsa sveitarfélög um að þau þurfi aðgang að útboðsvef og var sambandinu falið að tala við samskiptastjóra sambandsins um þetta.

7. Skýrsla sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins „making public procurement transparent at local and regional levels“

Nefndin lýsti yfir ánægju með skýrsluna enda væri gegnsæi mikilvægt sem og að koma í veg fyrir spillingaráhættu í útboðsmálum sveitarfélaga.

8. Sálfræðiþjónusta slökkvilið

Nefndin fjallaði um erindi frá Ingu Rún Ólafsdóttur sviðsstjóra hjá sambandinu um samkomulag Landssambands Slökkviliðs og sjúkraflutninga (LSS) og Sálfræðinga Lynghálsi um veitingu aðstoðar í áfallastreituröskun og tengdum málum. Óskað var eftir álitum á því hvort fyrirkomulag samstarfsins stæðist skoðun.

Nefndin taldi almennt séð afar jákvætt að samið væri um þessa þjónustu þar sem nauðsynlegt væri að slökkviliðs og sjúkraflutningaaðilar hefðu aðgang að henni.

Nefndin benti á að ef LSS hefur eitt aðkomu að samkomulaginu og greiðir fyrir þjónustuna þá félli þjónustan ekki undir lög um opinber innkaup og því fæli samkomulag ekki í sér brot á þeim lögum þrátt fyrir að ekki hefði verið leitað tilboða. Ef um þjónustukaup sveitarfélags eða byggðarsamlags væri hins vegar að ræða þá væri slíkt samkomulag án útboðs hið minnsta afar vafasamt enda væri þá verið að fara með opinbert fé.

Nefndin taldi óheppilegt að í samkomulagi kæmi ekkert fram um verð, upphæð afsláttar, tímafjölda eða hvernig væri rukkað fyrir ferðakostnað. Væri því ómögulegt að verðmeta samkomulagi og meta hvort um útboðsskyldu væri að ræða ef sveitarfélög taka þátt í samkomulaginu.

Taldi nefndin heppilegast við þessi kaup að óskað væri eftir því að Ríkiskaup hefðu milligöngu um rammamning fyrir sálfræðiaðstoð þar sem fleiri aðilar gætu komið að útboði og nokkrir aðilar jafnvel verið hluti af rammamningi þannig að val væri um hvaða þjónusta væri notuð. Þannig gæti hentað betur að nota sálfræðiaðstoð sem væri nær heimabyggð í einhverjum tilfellum meðan í öðrum hentaði það alls ekki ef traust skorti á milli aðila og því væri val um þjónustuveitanda afar heppilegt. Í rammamningi væri jafnframt hægt að útfæra betur hvaða þjónusta væri boðið upp á og í hvaða tilvikum. Þannig væri hægt að greina verkferla, t.d. í bráðatilvikum og svo eftirfylgni. Slík áætlun gæti og ætti jafnframt að taka til annarra tilvika eina og eineltismála og kynbundinnar mismununar.

9. Fundur með ESA 4. júní eftir hádegi. .

TH upplýsti um fund sem yrði haldinn með Eftirlitsstofnun EFTA 4. júní n.k. þar sem m.a. yrði fjallað um opinber innkaup. Taldi nefndin slíkan fund áhugaverðan og væri til dæmis áhugavert að heyra sjónarmið ESA um velferðarsamninga.

10. Önnur mál

GB ræddi hvort fundarmenn væru tilbúnir að prófa að halda fund í gegnum Skype. Var vel tekið í tillögu en þó bent á að fundarmenn næðu oft að sækja nokkra fundi í einu í ferðum sínum.

GJ ræddu hvort ekki væri hægt að ná meiri árangri ef sveitarfélög t.d. á vesturlandi fari saman í örútbóð eins og t.d. við kaup á tryggingum. Sandgerði og Garður fór í saman á sínum tíma og Reykjanesbær fór í í gegnum Ríkiskaup. JIB benti á að mikil vinna væri að fara í gegnum slík útbóð.

Fundi var slitið 15:40.